

Reykjavík, 19.03.2019


Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsið
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heiðarlega starfshætti í vísindum

OR samstæðan fagnar því að stjórnvöld hugi að heiðarlegum starfsháttum í vísindum og vinni að því að styrkja stoðir vísindastarfs og rannsókna í landinu. Vönduð umgjörð í þessum málaflokki skiptir OR máli og að hugað sé að hagsmunum og snertiflötum atvinnulífsins við vísindi í þeirri umgjörð.

Með tilliti til þessa leggur OR til að við skipan nefndarinnar muni ráðherra leita sérstaklega eftir tilnefningum frá atvinnulífinu ásamt því að leita til háskóla og annarra aðila rannsóknasamfélagsins. Það er mikilvægt að aðili innan nefndarinnar hafi skilning og innsýn inn í starfshætti og hagsmuni fyrirtækja í rannsóknum og nýsköpun.

Virðingarfyllt,



Hildigunnur Thorsteinsson
Framkvæmdastjóri Þróunar